

REGLUR UM GARÐSLÁTT ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA Í DALABYGGÐ

Reglur um niðurgreiðslu á garðslætti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota, þar sem ekki er stunduð atvinnustarfsemi og fyrir þá sem eiga lögheimili í Dalabyggð.

Niðurgreiðslan er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2024 samkvæmt skattaframtalið 2025, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur.

Hámarks niðurgreiðsla árið 2026 er 18.000 kr.- og allt að 6.000kr.- fyrir hvern slátt, gegn framvísun reiknings fyrir garðslætti. Framvísa þarf reikningi á skrifstofu Dalabyggðar.

Tekjuviðmið séu í samræmi við tekjuviðmið fyrir 100% afslátt fasteignarskatts sem fer eftir viðmiðum TR hverju sinni og er árið 2026:

Heildartekjur allt að 5.633.569 kr.- fyrir einstaklinga.

Heildartekjur allt að 9.049.922 kr.- fyrir hjón/sambýlisfólk.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigu- eða rekstrartekjur. Sé fasteign skráð með leyfi til heimagistingar fellur niðurgreiðsla niður.

Í tilfalli hjóna eða sambýlisfólks, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.

Reglur þessar voru staðfestar á fundi sveitarstjórnar þann 13. maí 2026.